

Fyrirspurn

til félags- og húsnæðismálaráðherra um þjónustu við börn með alvarlegar þroska- og geðraskanir.

Frá Heiðu Kristínu Helgadóttur.

1. Hvernig miðar vinnu að heildstæðri lausn á þjónustu við börn með alvarlegar þroska- og geðraskanir og fjölskyldur þeirra?
2. Hvaða lausn sér ráðherra fyrir sér á þeirri stöðu sem upp kom fyrr á þessu ári þar sem vinnu sérfræðiteymis sem aðstoðaði sveitarfélög við útfærslu á þjónustu við þennan hóp var hætt vegna álits Persónuverndar um miðlun persónuupplýsinga um börn til teymisins?

Skriflegt svar óskast.